Kröfur sínar byggja umbj. minn á þinglýstum og landamerkjabréfum fyrir umrædd landsvæði. Þá byggir hann kröfur sínar á Landnámu, lögfestum, málögum, landamerkjalýsingum, afsalsgerningum, lögum, dónum, heimildarskjölum og bæði fornum og nýjum vitnisburði, sem og öðrum gögnum s.s. fræðiritum. Umbj. minn mun eins og áður segir gera nánari grein fyrir þeim heimildum og gögnum sem hann byggir kröfur sínar á í greinargerð til óbyggðanefndar.


V. Lagarök:

Til stuðnings kröfum sínum vísar umbj. minn til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33, 1944, einkum 72. gr. og til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62, 1994. Þá vísar jarðeigandi til almennra meginreglna íslensks eignaréttar og til laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11, 1973. Jarðeigandi vísar enn fremur til ákvæða laga um hefð nr. 46, 1905 og til vatnalaga nr. 15, 1923. Þá vísar jarðeigandi til ákvæða laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttar nr. 58, 1998 og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57, 1998. Jarðeigandi vísar og til landamerkjalaga nr. 41, 1919 og eldri laga um sama efni nr. 5, 1882, sem og til girðingarlaga nr. 135, 2001 og til eldri laga um sama efni nr. 10, 1965.

VI. Áskilnaður:

Umbj. minn áskilur sér allan rétt til þess að rökstyðja kröfu þessa frekar og styðja hana frekari gögnum, heimildum, málsástæðum og lagarökum, bæði á síðari stigum sem og í greinargerð jarðeiganda til óbyggðanefndar. Þá áskilur jarðeigandi sér allan rétt til þess að auka við kröfur sínar, breyta þeim og lagfæra, allt eftir því sem tilefni kann að gefast til. Lok áskilur jarðeigandi

sér allan rétt til þess að gera kröfu um allan þann kostnað sem hann hefur og kann að verða fyrir, við að gæta réttar síns gagnvart kröfum íslenska ríkisins.

Virðingarfyllst

Guðjon Ármannsson hrl.

Óbyggðanefnd,
Skuggasundi 3,
101 Reykjavík.

KRÖFULÝSING

FYRIR ÓBYGGÐANEFND

SVÆÐI 10 B

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar frá 9. október 2020 og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu nr. 58, 1998, er hér með lýst neðangreindri kröfum.

Kröfuna gerir: Fjóla Jónsdóttir kt. 060766-3989

Unnur Stella Guðmundsdóttir kt. 150280-5329

Sóley Jónsdóttir kt. 061162-3809

Ragnar Guðmundsson kt. 220174-5579

Samúel Guðmundsson kt. 161167-4529

Berglind Rós Guðmundsdóttir kt. 060273-3919

Jóna Sveinsdóttir kt. 091232-2789

Pórey Ingveldur Guðmundsdóttir kt. 230664-4479

Magnús Hafsteinn Hinriksson kt. 011168-3889

Vegna: Jarðarinnar, Veðrará-Innri, L141027, innan staðarmarka Ísafjarðarbæjar.

Fyrirsvar: Guðjón Ármannsson hrl. Borgartúni 26, Reykjavík, fer með hagsmunagæslu fyrir hönd jarðeigenda.

I. Kröfugerð:

Jarðeigendur, Veðrará-Innri, telja til beins eignarréttar yfir landi innan kröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnt er Koppastaðarfjall og er af hálfu ríkisins afmarkað með eftirfarandi hætti:

Upphafspunktur er í fjallsbrún Vondafjalls (Þverfelli) í Heiðarskarði á hreppamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir að fjallsbrún þar sem þverá rennur af fjalli og ræður merkjum Efstabóls og Korpudals (2). Þaðan eftir fjallsbrún í Kroppstaðaskál sem er í beinni línu við Merkislá við Korpu sem ræður merkjum Efstabóls og Kropstaða (3) Þaðan eftir fjallsbrún að Bæjarhrygg sem ræður merkjum Kropstaða og Bæjarhryggs (4). Þaðan eftir fjallsbrúnum Kirkjubólsfjalls, fjallsbrúnum Jafnadals og að Veðrarárhorni sem ræður merkjum Innri- og Ytri Veðrarár (5). Þaðan eftir fjallsbrúnum að Raufhorni í Breiðdalsskarði (6). Þaðan ráða fjallsbrúnir í upphafspunkt.

Kröfum ríkisins um þjóölendur innan téðra merkja er mótmælt. Umbj. mínir telja vatnaskil auk skýrra lýsinga í landamerkjabréfi eigi að ráða afmörkun eignarlands. Stangist hnissettir punktar eða uppdrættir samkvæmt þeim á við þinglýst landamerkjabréf, ráða landamerkjabréf.

Krafan byggir á landamerkjabréfi Veðurár Innri, dags. 22. janúar 1888, sem afmarkar land jarðarinnar með eftirfarandi hætti:

Að utanverðu er merkið í svonefndan Skriðutanga, og liggur það beint upp frá honum til fjalls. En að innanverðu liggar merkið út Skeiðiskrók, og í svonefndan merkistein, og þar upp af er gamalt merki upp hækkað er víesar beint til fjalls. Jafnadalur telst með innan þessara takmarka.

Visað er til hnissetts uppdráttar sem sem unnin er samhliða kröfulýsingu þessari. Umbj. mínir gera þann fyrirvara að enn á eftir að ljúka endanlega kortagerð fyrir landamerki jarðar þeirra. Verður þeirri kortagerð lokið hið fyrsta og upplýsingum komið áleiðis til óbyggðaneftndar.

II. Málavextir:

Með bréfi óbyggðaneftndar 27. nóvember 2019, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 10 B til meðferðar og íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóölendur á svæðinu til 2. mars 2020. Var fresturinn framlengdur nokkrum sinnum og síðast til 15. september 2020.

Svæðið afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðaneftndar 27. nóvember 2019:

Sýslumörkum Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu er fylgt frá hafi við Geirólfssnúp milli Skjaldbjarnarvíkur og Reykjafjarðar til suðvesturs og síðan suðurs þar til komið er að norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu. Þaðan er mörkum milli Norður-Ísafjarðarsýslu og Austur-Barðastrandasýslu fylgt til vesturs þar til komið er að mörkum Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandasýslu. Þaðan er síðastnefndum sýslumörkum fylgt til vesturs að hafi við Langanes við Arnarfjörð. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Þann 15. september 2020 lýsti íslenska ríkið kröfum sínum um þjóölendur á ofangreindu svæði. Í kjölfarið skoraði óbyggðaneftnd á þá er teldu til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58, 1998, á því landsvæði sem félli innan þjóölendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðaneftnd.

Umbj. mínr telja til eignarréttinda á því landsvæði sem féll innan þjóðlendukröfu ríkisins, enda gerir íslenska ríkið kröfu um að hluti jarðarinnar teljist þjóðlenda í skilningi laga nr. 58/1998. Er jarðeigendum því nauðsynlegt að lýsa kröfu þessari fyrir óbyggðanefnd.

III. Málsástæður:

Umbj. mínr byggja á því að umrætt land hafi verið numið í öndverðu og sé því fullkomíð eignarland. Byggt er á því að rekja megi eignarhaldið óslitið allt frá landnámi og til vorra daga. Sé landið nú undirorpíð eignarétti sínum og verði ekki af honum tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskrárinnar þar um.

Umbj. mínr byggja á því að sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið var til forna sé ekki minna en það land sem þeir telja til eignarréttinda yfir í dag. Þá sýni önnur gögn, ótvíráett fram á að umrætt land hafi alltaf verið háð einkaeignarétti og að sá eignarréttur hafi flust aðila á milli með hefðbundnum hætti. Í samræmi við það hafi aldrei verið litið svo á að umrætt land hafi verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

Umbj. mínr byggja á því að nýting landsins, lega þess og staðhættir almennt, styðji stöðu þess sem eignarlands. Er því sjálfgefið að umbj. mínr mótmæli öllum kröfum ríkisins um þjóðlendur innan landamerka þess lands sem þeir telur til beinna eignarréttinda yfir og krefst þess að kröfum ríkisins verði hafnað og einkaeignaréttur þeirra að landinu viðurkenndur.

Sérstaklega er mótmælt staðsetningu einstakra örnefna í kröfulýsingu íslenska ríkisins. Málsástæður jarðeigenda verða útlistaðar í ítarlegri greinargerð sem lögð verður fyrir óbyggðanefnd undir rekstri málsins.

IV. Heimildir og gögn:

Kröfur sínar byggja umbj. mínr á þinglýstum landamerkjabréfum fyrir umrædd landsvæði. Þá byggja þeir kröfur sínar á Landnámu, lögfestum, málögum, landamerkjalýsingum, afsalsgerningum, lögum, dóum, heimildarskjölum og bæði fornum og nýjum vitnisburði, sem og öðrum gögnum s.s. fræðiritum. Umbj. mínr munu eins og áður segir gera nánari grein fyrir þeim heimildum og gögnum sem þeir byggja kröfur sínar á í greinargerð til óbyggðanefndar.


V. Lagarök:

Til stuðnings kröfum sínum vísa umbj. mínr til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33, 1944, einkum 72. gr. og til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62, 1994. Þá vísa jarðeigendur til almennra meginreglna íslensks eignaréttar og til laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11, 1973. Jarðeigendur vísa enn fremur til ákvæða laga um hefð nr. 46, 1905 og til vatnalaga nr. 15, 1923. Þá vísa jarðeigendur til ákvæða laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu nr. 58, 1998 og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57, 1998. Jarðeigendur vísa og til landamerkjalaga nr. 41, 1919 og eldri laga um sama efni nr. 5, 1882, sem og til girðingarlaga nr. 135, 2001 og til eldri laga um sama efni nr. 10, 1965.

VI. Áskilnaður:

Umbj. mínir áskilja sér allan rétt til þess að rökstyðja kröfum þessa frekar og styðja hana frekari gögnum, heimildum, málsástæðum og lagarökum, bæði á síðari stigum sem og í greinargerð jarðeigenda til óbyggðanefndar. Þá áskilja jarðeigendur sér allan rétt til þess að auka við kröfur sínar, breyta þeim og lagfæra, allt eftir því sem tilefni kann að gefast til. Lok áskilja jarðeigendur sér allan rétt til þess að gera kröfum um allan þann kostnað sem þeir hafa og kunna að verða fyrir, við að gæta réttar síns gagnvart kröfum íslenska ríkisins.

Virðingarfyllst



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Guðjón Ármannsson".

Guðjón Ármannsson hrl.

KRÖFULÝSING
til óbyggðanefndar

Jörð:

Breiðadalur Fremri í Önundarfirði

Kröfuna gerir:

Bændur ehf. kt. 631202-5190

Málflutningsumboð:

Kristján Þorbergsson

Kröfugerð:

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja: Að neðanverðu frá Breiðadalsá þar sem Þverá rennur í hana upp Þverá í Þverdal til fjalls að vatnaskilum milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Eftir vatnaskilunum til austurs þar til komið er til móts við Skógarhorn. Þaðan um Skógarhorn og niður læk sem rennur í Breiðadalsá í Langadal neðan við neðri seltóttina og niður eftir ánni í upphafspunkt.

Heimildir:

Landamerkjabréf Neðri Breiðadals og Breiðadals Fremri dags. 22. ágúst 1885 og landamerkjabréf Breiðadals Fremri dags. 11. júlí 1921

Annað:

Áskilinn er réttur til að reifa kröfur í greinargerð, leggja fram frekari gögn, bera fram lagarök, málsástæður og mótmæli eftir því sem tilefni gefst. Kostnaðar er krafist með vísan til 2. ml. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

Fylgiskjöl:

Málflutningsumboð útgefið 5. mars 2021.

Reykjavík, 15. mars 2021



Kristján Þorbergsson

KRÖFULÝSING
til óbyggðanefndar

Jörð:

Neðri Breiðadalur í Önundarfirði

Kröfuna gerir:

Halldór Mikkaelsson kt. 1403447-2489

Fyrirsvar:

Kristján Þorbergsson

Kröfugerð:

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja, en land jarðarinnar er í tveimur hlutum og skilur Breiðadalur Fremri þá að: Ytri hlutinn markast af þeim stað í Breiðadalsá þar sem Þverá rennur í hana, upp Þverá í Þverdal til fjalls á vatnaskilum Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Eftir þeim til vesturs þar til komið er til móts við Kirkjubólsfjall, eftir hrygg þess að Grjótskálargili, niður Stóruurð að steini í fjörunni sem járnsteinn var rekinn í. Þaðan inn fjörðinn og upp Breiðadalsá að upphafspunkti. – Fremri jarðarhlutinn markast af línu sem dregin er frá Breiðadalsá upp læk sem rennur í hana á Langadal neðan við neðri seltóttina upp brún Skógarhorns að vatnaskilum Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Eftir þeim til austurs og síðan suður eftir hábrún Þverfjalls þar til komið er til móts við Heiðarvatn, um það og í Breiðadalsá úr því niður Langadal í upphafspunkt.

Heimildir:

Landamerkjabréf Neðri Breiðadals dags. 22. ágúst 1885 og 23. maí 1890

Annað:

Áskilinn er réttur til að reifa kröfur í greinargerð, leggja fram frekari gögn, bera fram lagarök, málsástæður og mótmæli eftir því sem tilefni gefst. Kostnaðar er krafist með vísan til 2. ml. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

Fylgiskjöl:

Málflutningsumboð útg. 5. mars 2021

Reykjavík, 15. mars 2021

Kristján Þorbergsson
33

KRÖFULÝSING
til óbyggðanefndar

Jörð:

Selakirkjuból í Önundarfirði

Kröfuna gera:

Bændur ehf. kt. 631202-5190 og Halldór Mikaelsson kt.140447-2489

Fyrirsvar:

Kristján Þorbergsson

Kröfugerð:

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja: Að innanverðu frá steini í fjörunni sem rekinn hefur verið járnteinn í, upp Stóruurð og um Grjótskálargil alla leið á fjall upp allt að vatnaskilum Öndunarfjarðar og Súgandafjarðar. Eftir þeim til vesturs þar til komið er til móts við upptök Kaldár, en frá vatnaskilum niður hana um Kaldárdal til sjávar.

Heimildir:

Landamerkjabréf Selakirkjubóls dags. 9. júlí 1921


Annað:

Áskilinn er réttur til að reifa kröfur í greinargerð, leggja fram frekari gögn, bera fram lagarök, málsástæður og mótmæli eftir því sem tilefni gefst. Kostnaðar er krafist með vísan til 2. ml. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

Fylgiskjöl:

Málflutningsumboð útgefið 5. mars 2021, skriflegt málflutningsumboð frá Halldóri vegna þessa jarðarhluta væntanlegt.

Reykjavík, 15. mars 2021



KRÖFULÝSING
til óbyggðanefndar

Jörð:

Kaldá í Önundarfirði

Kröfuna gerir:

Klofningur ehf. kt. 470197-2349

Fyrirsvar:

Kristján Þorbergsson

Kröfugerð:

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja: Að innanverðu Kaldá, frá fjöru til fjalls um Kaldárdal allt að vatnaskilum Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Eftir þeim til vesturs þar til komið er til móts við gil í Hólsfjalli ofan við Markhrygg, að því og niður það en eftir hryggnum til sjávar að jarðföstum merktum stórum steini á sjávarbökkum.

Heimildir:

Landamerkjrabréf Kaldár dags. 10. júlí 1921


Annað:

Áskilinn er réttur til að reifa kröfur í greinargerð, leggja fram frekari gögn, bera fram lagarök, málsástæður og mótmæli eftir því sem tilefni gefst. Kostnaðar er krafist með vísan til 2. ml. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

Fylgiskjöl:

Málflutningsumboð útgefið 5. mars 2021

Reykjavík, 15. mars 2021



KRÖFULÝSING
til óbyggðanefndar

Jörð:

Hóll á Hvíltarströnd í Önundarfirði

Kröfuna gera:

Kristín Björg Albertsdóttir kt. 200863-7399 og Birkir Þór Guðmundsson kt. 220564-4449

Málflutningsumboð:

Kristján Þorbergsson

Kröfugerð:

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja: Að innanverðu er lína dregin úr jarðföstum stórum steini á sjávarbökkum eftir svonefndum Markhrygg í gil í Hólsfjalli og á fjall fram að vatnaskilum Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Eftir þeim til vesturs þar til komið er til móts við upptök Hólsár, en niður miðjan Hóls- og Garðsdal eftir ánni til sjávar.

Heimildir:

Landamerkjrabréf Hóls dags. 10. júlí 1921

Annað:

Áskilinn er réttur til að reifa kröfur í greinargerð, leggja fram frekari gögn, bera fram lagarök, málsástæður og mótmæli eftir því sem tilefni gefst. Kostnaðar er krafist með vísan til 2. ml. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

Fylgiskjöl:

Málflutningsumboð útgefið 5. mars 2021

Reykjavík, 15. mars 2021



**Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík**

Reykjavík, 3. júní 2021

KRÖFULÝSING
Leiðrétt

f.h. eiganda Hvilstar (með Görðum) í Önundarfirði, L141045

Inngangur:

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfum til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem felli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars s.l. og að síðustu til 22. mars s.l. Eiganda Hvilstar var ókunnuð um að málmeðferð væri hafin á svæðinu og óskar eftir heimild til þess að lýsa kröfum þrátt fyrir að kröfulýsingarfrestur hafi runnið sitt skeið.

Aðild og fyrirsvar:

Eigandi jarðarinnar er:

Hvilst ehf., kt. 660811-1090, Asparfelli 8, 111 Reykjavík

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

Kröfugerð:

Aðalkrafa landeiganda er, að Óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt hans á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa jarðanna Hvilstar og Garða, fyrir utan lóð í eigu Önundar Magnússonar og Sigurrósar Jónasdóttur, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

Úr ósi merkjalækjar við sjó (1) að upptökum í mógröfum (2) þaðan eftir lækjarfarvegi i grænt dý i fjallinu (3) þaðan bein lína að hreppamörkum (vatnaskilum) (4) Þaðan eftir vatnaskilum (hreppamörkum) þar til komið er á móts við upptök Hólsár (5) og þaðan ræður án til sjávar (6).

Til vara krefst landeigandi þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.a.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarrekningi lögmanns landeigenda.

Málavextir og helstu málsástæður:

Hvilst er forn jörð þótt ekki sé hennar getið í Landnámu, en allt land jarðarinnar er innan landnáms Önundar sem nam Önundarfjörð allan.

Þótt jörðin sé forn kemur hún litt við sögu í rituðum heimildum fyrr en eftir 1400 og þó reglulega síðan.

Jörðin Garðar var frá öndverðu hluti af Hvilst, en var skipt úr landi jarðarinnar í byrjun 19. aldar, sem sjálfstæðri jörð. Einhvern tíma um miðja 20. öld komst eignarhald jarðanna á sömu hendur og voru þær í kjölfarið sameinaðar. Krafa landeiganda felur því í sér land beggja jarðanna eins og því er lýst í landamerkjabréfum þeirra.

Þjóðlendukröfur eru m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á Eyrarfjalli, Klofningsheiði, Garðafjalli og Grímsdalsheiði, en samt er skv. kröfulyśingu íslenska ríkisins (**bls. 166**) kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Þar sem að því fer fjarri, að kröfur aðila fari saman hlýtur ólikur skilningur þeirra á hugtakinu fjallsbrún að skýra mismun í kröfugerðum hvorra um sig. Landeigendur telja að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeigenda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga.

Íslenska ríkið hefur áður deilt við landeigendur um túlkun á hugtakinu fjallsbrún fyrir Óbyggðanefnd t.a.m. í málinu nr. 3-4/2004 um Kjalarnes og Kjós n.t.t. um landamerki á fjallinu Esju. Um þetta segir í úrskurði nefndarinnar á bls. 151:

...Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álítaefni hvernig túlka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað í landamerkjabréfum jarda i kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknun stað, t.d. í klettabrun. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar.

...Hér skal þess getið að í svari Gunnlaugs Ingólfssonar, fræðimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðanefndar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dænum í sedlasafni Orðabókar Háskólangs megi ráða að fjallsbrún geti bæði verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknun stað. ...

Með heildstæðu mati á landamerkjabréfum umhverfis Esjuna hafnaði Óbyggðanefnd skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og þá niðurstöðu bar íslenska ríkið ekki undir dómstóla og hefur því sætt sig við.

Svo háttáði í máli nr. 3-4/2004, að skammt var á milli byggða þótt fjallið skildi á milli auk þess sem sum landamerkjabréf lýsa merkjum nánar en eingöngu með tilvísun í fjallsbrún. Samkvæmt lýsingu landamerkjabréfs jarðarinnar ná landamerki hennar á fjall upp og það sama á við um jarðir í Súgandasíði, handan Sauðaness.

Í fyrrgreindum úrskurði Óbyggðanefndar auk annarra úrskurða t.d. í máli nr. 2/2005, bls. 120 voru sliðar sambærilegar lýsingar sínu hvoru megin fjallgarðs túlkaðar þannig að jarðir lægu þar saman:

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan er visad til er landamerkjum milli jarda oftast lýst að vatnaskilum í Smjörfjöllum eða að merki nái að fjallsbrún. Í öðrum tilvikum er visad

til upptaka áa sem liggja upp í Smjörfjöllum við sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðar. ... Í vesturhlíðum Smjörfjalla liggja jarðir í Vopnafjarðarhreppi. Eins og fram kemur í umfjöllun um þær jarðir í máli nr. 3/2005 er þeim, líkt og þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar, lýst upp til fjallanna, gjarnan að vatnaskilum. Af því verður ráðið að jarðir í Vopnafjarðarhreppi og í Jökulsárhlið liggi saman í Smjörfjöllum.

Íslenska ríkið ákvað að una þessum úrskurði.

Landeigandi telur því að aðstæður allar í málum nr. 3-4/2004 og 2/2005 séu öldungis sambærilegar við þær aðstæður sem uppi eru í því máli sem hér er til úrlausnar og á bágtr með að skilja kröfur íslenska ríkisins með hliðsjón af fyrri úrskurðum Óbyggðanefndar og fyrri afstöðu ríkisins til þeirra.

Þá heldur íslenska ríkið því fram í kröfulýsingu (**bls. 167**) að hið umdeilda land sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Þessi staðhæfing er fjarri sanni.

Gæði Sauðaness voru estirsótt og um miðja 19. öld var rekið dómsmál milli eiganda Hvilstar, annars vegar og eiganda Eyrar, hins vegar, þar sem úrlausnarefnið var m.a. réttur Hvilstar til beitar á Sauðanesi, þ.e. í eignarlandi Eyrar. Gerði eigandi Hvilstar þá kröfu að réttur Hvilstarmanna til beitar á nesinu, utan við Klofningshrygg, væri staðfestur með dómi.

Kröfu sína studdi hann þeim rökum að kirkjan á Hvílft hafi forðum átt 5 hundruð í Eyrarjörðinni og í skjóli þeirrar eignar hefði falist réttur til beitar á Sauðanesinu.

Dómur var kveðinn upp 12. mars 1852 og skemmt frá því að segja að þar var krafa Hvilstarmanna um staðfestingu á beitarrétti tekin til greina. Dómi þessum virðist ekki hafa verið áfrýjað til ~~Lands~~syfírréttar og stendur því óhaggaður sem og réttaráhrif hans.

Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land, jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpíð beinum eignarrétti.

Landeigandi leggur áherslu á að þegar Óbyggðanefnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttta innan ummerkjá jarðarinnar.

Íslenska ríkið virðist raunar ekki átta sig á því að Sauðanes er nafnið á fjallinu sem skilur að Öndundar- og Súgandasjörð efalaust vegna hinnar góðu fjárbeitar sem þar var og raunar er enn. Kann þessi misskilningur einnig að skýra hvers vegna kröfur eru settar fram á þann hátt sem gert er.

Landeigandi telur ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámsvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkjá jarðarinnar verði dregin í efa.

Landeigandi vísar til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðaþáttar Grágásar segir:

Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja

Í 3. kapítula landsbrigðaþáttar segir um merkjagöngu:

Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir returnætur hinum næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nöttum fyrir. ... Eigi er skyld að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skyld að ganga úr búsfárgangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki.

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveisist hafa. Merkjagangan, sem framför eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjalaaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvædi að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins kom landeiganda þannig á óvart þar sem hann hefur athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalaögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdaleiðum landamerkjalyssingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigandi telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskráinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telur landeigandi að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigandi heldur því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigandi telur ennsfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefsengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr

gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörönni hefur verið þinglýst athugasemdaust.

Landeigandi hefur þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirþipið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt hann í þeirri trú.

Til vara byggir landeigandi kröfу sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Helstu lagarök:

Visað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Visað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinna

Visað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Visað er til landamerkjala laga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Visað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingar laga nr. 39/1978

Visað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Visað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Visað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Visað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Visað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Visað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998

Visað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Visað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigandi áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir Öbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.



Virðingarfyllst,
fl h. landeiganda
Friðbjörn Garðarsson hrl.

Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð

**Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík**

Reykjavík, 22. mars 2021

KRÖFULÝSING

f.h. eiganda Eyrar í Önundarfirði, L205386

Inngangur:

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfum til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem felli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars s.l. og síðan til dagsins í dag.

Aðild og fyrirsvar:

Eigandi jarðarinnar er:

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður.

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

Kröfugerð:

Aðalkrafa landeiganda er, að Óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt sveitarfélagsins á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjrabréfa jarðarinnar auk landamerkjrabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

Úr ósi merkjalækjar við sjó (1) að upptökum i mógröfum (2) þaðan eftir lækjarfarvegi i grænt dý i fjallinu (3) þaðan bein lína að hreppamörkum (vatnaskilum) (4) Þaðan eftir vatnaskilum (hreppamörkum) á Sauðanesi að Rauf (5) og þaðan eftir hreppamörkum til sjávar (6).

Til vara krefst landeigandi þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.a.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málkostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málkostnaðarrekningi lögmanns landeigenda.

Málavextir og helstu málsástæður:

Eyri er landnámsjörð, en allt land jarðarinnar er innan landnáms Önundar sem nam Önundarfjörð allan.

Þótt jörðin sé landnámsjörð kemur hún lítt við sögu í rituðum heimildum fyrr en eftir 1400 og þó reglulega síðan. Þar sem að stutt er til fengsælla fiskimiða frá landi jarðarinnar

mynduðust þar snemma verstöðvar og þurrabúðir. Á tanganum í landi jarðarinnar reis síðan bærinn Flateyri. Forveri eiganda, Flateyrarhreppur, eignaðist Flateyrartanga og jörðina Eyri með kaupsamningi við Landsbanka Íslands árið 1934.

þjóðlendukröfur eru m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á Eyrarfjalli og Sauðanesi (Klofningsheiði), en samt er skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins (**bls. 166**) kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinarr sömu.

Þar sem að því fer fjarri, að kröfur aðila fari saman hlýtur ólikur skilningur þeirra á hugtakinu fjallsbrún að skýra mismun í kröfugerðum hvorra um sig. Landeigendur telja að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeigenda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga.

Íslenska ríkið hefur áður deilt við landeigendur um túlkun á hugtakinu fjallsbrún syðir Óbyggðaneftnd t.a.m. í málinu nr. 3-4/2004 um Kjalarnes og Kjós n.t.t. um landamerki á fjallinu Esju. Um þetta segir í úrskurði nefndarinnar á bls. 151:

...Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það alítaefni hvernig túlka beri hugtakid „fjallsbrún“ sem oft er notað í landamerkjrabréfum jarða i kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknum stað, t.d. í klettabrún. Af hálfu jardeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eda þar sem vötnum hallar.

...Hér skal þess getið að í svari Gunnlaugs Ingólfssonar, fræðimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðaneftndar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dænum í seðlasafni Orðabókar Háskólangs megi ráða að fjallsbrún geti bædi verið hæsti hluti fjalls eda sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknum stað. ...

Með heildstæðu mati á landamerkjrabréfum umhverfis Esjuna hafnaði Óbyggðaneftnd skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og þá niðurstöðu bar íslenska ríkið ekki undir dólmstóla og hefur því sætt sig við.

Svo háttáði í máli nr. 3-4/2004, að skammt var á milli byggða þótt fjallið skildi á milli auk þess sem sum landamerkjrabréf lýsa merkjum nánar en eingöngu með tilvísun í fjallsbrún. Samkvæmt lýsingu landamerkjrabréfs jarðarinnar ná landamerki hennar á fjall upp og það sama á við um jarðir í Súgandafirði, handan Sauðaness.

Í fyrrgreindum úrskurði Óbyggðaneftndar auk annarra úrskurða t.d. í máli nr. 2/2005, bls. 120 voru slika sambærilegar lýsingar sínu hvoru megin fjallgarðs túlkaðar þannig að jarðir lægu þar saman:

Í þeim landamerkjrabréfum sem að framan er vísad til er landamerkjum milli jarða oftað lýst að vatnaskilum í Smjörfjöllum eda að merki nái að fjallsbrún. Í öðrum tilvikum er vísad til upptaka áa sem liggja upp í Smjörfjöllum við sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjardar. ... Í vesturhlíðum Smjörfjalla liggja jarðir í Vopnafjardarhreppi. Eins og fram kemur í umfjöllun um þær jarðir í máli nr. 3/2005 er þeim, líkt og þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar, lýst upp til fjallanna, gjarnan að vatnaskilum. Af því verður ráðið að jarðir í Vopnafjardarhreppi og í Jökulsárhlið liggi saman í Smjörfjöllum.

Íslenska ríkið ákvað að una þessum úrskurði.

Landeigandi telur því að aðstæður allar í málum nr. 3-4/2004 og 2/2005 séu öldungis sambærilegar við þær aðstæður sem uppi eru í því máli sem hér er til úrlausnar og á bágt með að skilja kröfur íslenska ríkisins með hliðsjón af fyrri úrskurðum Óbyggðanefndar og fyrri afstöðu ríkisins til þeirra.

Þá heldur íslenska ríkið því fram í kröfulýsingu (**bls. 167**) að hið umdeilda land sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Þessi staðhæfing er fjarri sanni. Sauðanesið er grasgefíð enn þann dag í dag og hafa þar einungis Eyrarbændur í Önundarfirði og Staðarhaldarar í Súgandasírði nýtt land i krafti beins eignarréttar yfir landinu.

Gæði Sauðaness voru eftrsótt og um miðja 19. öld var rekið dómstmál milli eiganda Hvilstar, annars vegar og eiganda Eyrar, hins vegar, þar sem úrlausnarefnið var m.a. réttur Hvilstar til beitar á Sauðanesi. Gerði eigandi Hvilstar þá kröfum að réttur Hvilstarmanna til beitar á nesinu, utan við Klofningshrygg, væri staðfestur með dómi.

Kröfum sína studdi hann þeim rökum að kirkjan á Hvilst hafi forðum átt 5 hundruð i Eyrarjörðinni og í skjóli þeirrar eignar hefði falist réttur til beitar á Sauðanesinu.

Dómur var kveðinn upp 12. mars 1852 og skemmt frá því að segja að þar var krafa Hvilstarmanna um staðfestingu á beitarrétti tekin til greina. Dómi þessum virðist ekki hafa verið áfrýjað til Landsfyrréttar og stendur því óhaggaður sem og réttaráhrif hans.

Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land, jarðarinnar hafi alla tið verið undirorpíð beinum eignarrétti.

Landeigandi leggur áherslu á að þegar Óbyggðanefnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttu innan ummerkjja jarðarinnar.

Íslenska ríkið virðist raunar ekki átta sig á því að Sauðanes er nafnið á fjallinu sem skilur að Öndundar- og Súgandasjörð efalaust vegna hinnar góðu fjárbeitar sem þar var og raunar er enn. Kann þessi misskilningur einnig að skýra hvers vegna kröfur eru settar fram á þann hátt sem gert er.

Landeigandi telur ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landmerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Landeigandi visar til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapitula landsbrigðapáttar Grágásar segir:

Ef madur reður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveda á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og aðréttu eferu, og allra aðæfá þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo efaðrir menn eigu í það land aðæfí. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja

Í 3. kapítula landsbrigðapáttar segir um merkjagöngu:

Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nöttum fyrir. ... Eigi er skyld að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skyld að ganga úr búsfjárgangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapitula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveisist hafa. Merkjagangan, sem framför eftir kaup. hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnelegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins kom landeiganda þannig á óvart þar sem hann hefur athugasemdausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigandi telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskráinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telur landeigandi að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðaneftnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigandi heldur því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margssinnis bædi beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétti þeirra innan lýstra merkja. Landeigandi telur enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefsengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fymingu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdaust.

Landeigandi hefur þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpíð fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt hann í þeirri trú.


Til vara byggir landeigandi kröfu sina á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Helstu lagarök:

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar
Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinna
Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991
Vísað er til landamerkjalauga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.
Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlauga nr. 39/1978
Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.
Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni
Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu,
jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.
Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986
Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim
Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998
Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.
Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.
Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr,
laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigandi áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og
gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.



Virðingarfyllst,
f.h. landeiganda
Friðbjörn Garðarsson hrl.

Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð



Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Borgartúni 7a, 105 Reykjavík
Sími 520-5600, rikiseignir.is
rikiseignir@rikiseignir.is

Reykjavík 17. mars 2021

Tilvísun: RE19100012/10.9.7.139790

Efni: Ákvörðun þjóðlendna á svæði 10 B (Ísafjarðarsýslur)

Vísað er í kröfulýsingu fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytisins á svæði 10 B (Ísafjarðarsýslur) varðandi **ríkisjörðina Stað í Súgandafirði, L141255, Ísafjarðarbæ.** Ríkiseignir (Jarðeignir ríkisins) eru umráðendur fyrrnefndrar jarðar f.h. Ríkissjóðs Íslands, landeiganda þessarar jarðar, og gætir hagsmuna þessarar ríkisjarðar.

Ríkiseignum barst bréf lögmanns Þorvaldar Helga Þórðarsonar og Rósu Guðrúnar Linnet ábúenda ríkisjarðarinnar Stað í Súgandafirði. Í bréfinu koma fram áhyggjur ábúenda og gagnrýni á fram komna kröfulýsingu fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Ríkiseignir hafa skoðað athugasemdir ábúenda ríkisjarðarinnar Staðar efnislega. Ríkiseignir taka undir efnislegar athugasemdir ábúandans, en Þorvaldur hefur búið á jörðinni frá fæðingu. Ríkiseignir taka undir skilning ábúenda um að Sauðaneslandið og land Klofningsheiðar sé eignarland. Meðfylgjandi er einnig útprentun af jarðavefsjá Ríkiseigna þar sem settur er fram skilningur Ríkiseigna um stærð jarðarinnar, alls 1.189 ha.

Með vísan í meðfylgjandi bréf lögmanns ábúenda, dags. 11. mars sl., og fylgigögn telja Ríkiseignir kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðuneytisins ekki vera í samræmi við fyrilliggjandi gögn Ríkiseigna.

Ríkiseignir gera því þessar athugasemdir sem koma fram í meðfylgjandi gögnum og óska eftir að meðfylgjandi gögn verði yfirfarin við ákvörðun þjóðlendna á svæði 10 B.

Virðingarfyllst
fyrir hönd Ríkiseigna

The image shows three handwritten signatures in blue ink. From left to right: 1) A signature that appears to be 'Óskar Páll Óskarsson'. 2) A signature that appears to be 'Ríkiseignir'. 3) A signature that appears to be 'Stað' or 'Staðar'.

Óskar Páll Óskarsson

Ríkiseignir
Borgartúni 7a
105 Reykjavík

Sent til rikiseignir@rikiseignir.is

Reykjavík, 11. mars 2021

Athugasemdir ábúenda

vegna krafna íslenska ríkisins um þjóðlendur í landi Staðar í Súgandafirði, L141255

Inngangur:

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfju til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem felli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars og að síðstu til 22. mars n.k.

Aðild og fyrirsvar:

Lífstíðarábúendur eru skv. byggingarbréfi, dags. 14.12.2011:

1. Þorvaldur Helgi Þórðarson, kt. 020858-2499 og
2. Rósá Guðrún Linnet, kt. 221253-2489

Bæði til heimilis á Stað í Súgandafirði.

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

Athugasemdir:


Eins og fram hefur komið eru ábúendur lífstíðarábúendur á jörðinni Stað í Súgandafirði, sem er eignarjörð íslenska ríkisins. Samkvæmt byggingarbréfi um jörðina er um landamerki hennar vísað til landamerkjábreyfs hennar sem skráð er í landamerkjábók Ísafjarðarsýslu, sbr. fskj. nr. 3.

Landamerkjábreyfið var undirritað, þann 6. júní 1891 og hljóðar svo, sbr. fskj. nr. 2:

Milli Bæjar og Staðar ræður Staðará frá fjör[uf] til Pverár, og síðan Pverá fram til fjalla. Milli Staðar og Eyrar eru merkin i Rauf á Sauðanesi, og þaðan eins og nesið gengur lengst til sjávar.

Til nánari skýringar þá er þverá áin sem fellur eftir Sunddal og á upptök sína uppi á Sauðanesi. Sauðanes er fjallið sem skilur að jarðirnar Eyri í Önundarfirði og Stað í Súgandafirði. Uppi á Sauðanesi eru kjarngóð beitilönd sem eigendur Eyrar og Staðar hafa um aldir einir nýtt í krafti beins eignarréttar og þannig meinað öðrum nýtingu svæðisins. Ekki er því um afrétt að ræða eins og haldið er fram í kröfulýsingu ríkisins.

Eins og sést á myndinni hér að neðan gerir íslenska ríkið kröfum að nánast allur hluti jarðarinnar í Sauðanesinu verði gerður að þjóðlendu, þ.e. allt land innan gulu línumnar. Eigandi jarðarinnar Eyrar í Önundarfirði, sem land á móti Stað uppi á Sauðanesinu (einnig forn hreppamörk milli Suðureyrarhrepps og Flateyrarhrepps) hefur gert kröfum til Óbyggðaneftnar og krafist þess að þjóðlendukröfum ríkisins á Sauðanesi verði hafnað og landið úrskurðað eignarland. Það sama á við að mati ábúenda varðandi Stað, enda tekur kröfulýsingin til lands sem er innan lýsingar fyrrnefnds landamerkjabréfs.




Þá telja ábúendur að krafa ríkisins byggist að hluta til á misskilningi þar sem skv. kröfulýsingu íslenska ríksins virðist gengið út frá því að Sauðanes sé einungis ysti (vestasti) hluti fjallsins sem gangi annars undir heitinu Klofningsheiði, en þar er fjarri sanni og er Klofningsheiði einungis sá hluti Sauðaness þar sem gamla þjóðleiðin liggur yfir fjallið upp úr Sunddal og niður í Klofningsdal í Önundarfirði.

Þorvaldur Helgi Þórðarson, annar ábúenda, er fæddur og uppalinn á Stað og telur kröfulýsingu íslenska ríkisins ranga og ganga verulega á land innan þinglýstra landamerkjajarðarinnar, sbr. fskj. nr. 1.

Ábúendur benda á að hluti jarðarinnar á Sauðanesi er þeim ákaflega verðmætur í fjárbúskap sínum og það myndi valda þeim búsfjum ef Sauðanesið gengur undan jörðinni. Vakin er athygli á því að ákvæði byggingarbréfsins myndu ógildast hvað Sauðanesið varðar, verði fallist á þjóðlendukröfur íslenska ríkisins og vandséð hvernig leigja ætti landið á ný til ábúenda hvað þá til lifstíðar.

þar sem að ábúendur eru einungis handhafar óbeins eignarréttar yfir jörðinni, sem takmarkast af ákvæðum byggingarbréfsins, geta þeir ekki gert kröfу við meðferð málssins fyrir Óbyggðanefnd. Er hér með skorað á Ríkiseignir að gera kröfу til nefndarinnar um að umdeilda land verði ekki úrskurðað þjóðlenda heldur eignarland svo koma megi í veg fyrir að hagsmunir ábúenda verði fyrir borð bornir.

Eins og áður var vikið að rennur kröfulýsingarfrestur út, þann 22. mars n.k. og er því nauðsynlegt að gera kröfу fyrir þann tíma.



Virðingarfyllst,
f.h. ábúenda
Friðbjörn/Garðarsson hrl.

Fylgiskjöl:

1. Tölvupóstur ábúenda til undirritaðs, dags. 9. mars 2021
2. Landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 06.06.1891
3. Byggingarbréf jarðarinnar, dags. 14.12.2011

Afrit sent:

Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

obyggdanefnd@obyggdanefnd.is

Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2021

KRÖFULÝSING

f.h. eiganda Bæjar í Staðardal, Súgandafirði, L141243

Inngangur:

Til vara byggja landeigendur kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Helstu lagarök:

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinna

Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Vísað er til landmerkjalauga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978

Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Vísað er til þjóðlendumalaga nr. 58/1998


Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir Óbyggðaneftnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.



Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð

Lögfræðibjónusta

Sigurðar Sigurjónssonar hrl. ehf. kt. 570800-2560
Sigtúni 42, BBox 8552 128 Reykjavík – Ísland
Sími 5787805 – 8921303 – Netfang: sigurdursig@gmail.com
Sigurður Sigurjónsson hrl.

**Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík**

Kröfulýsing á svæði 10.B. Ísafjarðarsýslur. Súðavík

Fyrirvarsmaður málsaðila.

Undirritaður Sigurður Sigurjónsson hrl., kt. 240346-2579, Sigtúni 42, Reykjavík fer með mál þetta samkvæmt umboði frá Súðavíkurhreppi, kt. 630269-4589.

Málsaðilar.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Armarhvoli, 150 Reykjavík kemur fram í máli þessu f.h. íslenska ríkisins sbr. 2. og 11. gr. l. nr. 58/1998.

Súðavíkurhreppur, kt. 630269-4589 er eigandi að jörðinni Súðavík og er aðili að máli þessu.

Kröfur.

1. Að úrskurðað verði að eignarland Súðavíkurhrepps, sem er jörðin Súðavík, sé fullkomíð eignarland og falli utan marka þjóðlendna.
2. Að umbj.m. verði úrskurðaður allur málskostnaður.

Landamerki og rökstuðningur krafna.

Með bréfi Óbyggðanefndar var umbj.m. gefinn kostur á að svara kröfum ríkisins vegna eignarlanda sinna. Meðal þeirra er jörðin Súðavík. Er sveitarfélagið Súðavíkurhreppur staðsett á jörðinni.

Landamerkjabréf fyrir jörðina er dagsett 26. ágúst 1890. Er þeim lýst svo:

„Jörðin Súðavík á land frá stálþráðgirðingunni, sem skilur að túnin Tröð og Súðavík, sjónhending eptir vörðunum, sem standa í beinni línu upp eptir engjunum og frá þeim sjónhending eptir skriðuskurðinum næsta fyrir innan lækinn í Traðarupsnum beint upp á fjallsbrún. Að utanverðu á Súðavík land útað svokölluðum Brúðarhamri, sem er klömp næst innan svokallaða Götu á Súðavíkurhlíð beina sjónhendingu upp á fjallsbrún.“

Á bls. 179 gefur að líta undir kröfulið 5.4.2. Ufs, Súðavíkurfjall, Traðarhyrna og Sauratindar kröfur íslenska ríkisins.

Á framlögðu korti íslenska ríkisins koma fram þjóðlendukröfulínur en gerð er krafa um að þjóðlenda nái yfir hluta jarðarinnar Súðavíkur að hæstu tindum, þar sem hæstu ráða

merkjum á milli Súðavíkurhrepps annars vegar og Ísafjarðarbæjar hins vegar. Er kröfum íslenska ríkisins mótmælt.

Súðavík liggur að jörðunum Tröðum og Saurum. Geta ber þess að vatnsból Súðavíkurhrepps er í Sauradal.

Áskilinn er réttur til að koma að gögnum til stuðnings kröfum og sjónarmiðum Súðavíkurhrepps síðar.

Lagður verður fyrir Óbyggðaneftnd málkostnaðarrekningur ásamt vinnuskýrslu og upplýsingum um tímagjald, sem nefndinni ber að leggja til grundvallar við ákvörðun lögmannsþóknunar samkvæmt 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 sbr. 31. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Áskilinn er réttur til að leggja fram málkostnaðarrekning síðar.

Lagarök.

Landamerkjalög nr. 5/1882 og lög nr. 41/1919, um landamerki ofl. Lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, t.d. 5., 7., 10. og 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Lög nr. 62/1994, um Mannréttindasáttmála Evrópu, 1. gr. 1. samningsviðauka. Lög nr. 46/1905 um hefð. Aðrar meginreglur eignarréttar og eignarréttarákvæði stjórnarskrárinna.

Skrá um fylgiskjöl og heimildir:


- Umboð dags. 05.01.2021.

Vera má, að þörf sé á frekari framlagningu gagna til stuðnings sjónarmiðum og kröfum umbjóðenda minna. Allur réttur er því áskilinn til að koma að nýjum gögnum, ef um ræðir og tilefni gefst til á síðari stigum.

Að öðru leyti verður kröfugerð reifuð nánar í greinargerð og við munнlegan flutning málssins.

Reykjavík, 19. mars 2021

Virðingarfyllst,



Sigurður Sigurjónsson hrl.

Óbyggðanefnd,
Skuggasundi,
101 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 22. mars 2021.

KRÖFULÝSING

FYRIR ÓBYGGÐANEFND

SVÆÐI 9 B

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar frá 9. október 2020 og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu nr. 58, 1998, er hér með lýst neðangreindri kröfu.

Kröfuna gera:

Erna Rut Steinsdóttir, kt. 060479-4029
Ólöf Erla Þórarinsdóttir, kt. 080934-2709
+Brynya Unnur Magnúsdóttir, kt. 190639-3719
Dagbjört Sigrún Hjaltadóttir, 180455-5319
Auðunn Friðrik Kristinsson, 180372-3699
Eyrún Björk Svansdóttir, 130771-3439
Ólafia Erla Svansdóttir, 120577-3369
Snorri Gunnar Steinsson, 111170-5099

Vegna: Jarðarinnar, Dvergasteins, L141404, innan staðarmarka Súðavíkurhrepps.

Fyrirsvar: Guðjón Ármannsson hrl. Borgartúni 26, Reykjavík, fer með hagsmunagæslu fyrir hönd jarðeigenda.

I. Kröfugerð:

Jarðeigendur telja til beins eignarréttar yfir öllu því landi innan kröfusvæðis íslenska ríkisins innan kröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnt er Dvergasteinsfjall og Svarthamar og er af hálfu ríkisins afmarkað með eftirfarandi hætti:

Upphafspunktur er í fjallsbrún fyrir botni Sauradals sem ræður merkjum Saura og Eyrardals (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum að Kofra sem er í beinni línu við Þórðarsteina sem ræður merkjum Eyrar og Hlíðar (2) . Þaðan í fjallsbrún sem vísar að ofan í miðja Pöttvik og ræður merkjum Hlíðar og Dvergasteins (3). Þaðan eftir fjallsbrún þangað sem Dvergasteinsá rennur frá fjalli og ræður merkjum Dvergasteins og Svarthamars (4). Þaðan eftir fjallsbrún Svarthamars í fjallsbrún efst í Merkigili sem ræður merkjum Svarthamars og Svarfhóls (5). Þaðan eftir fjallsbrún að sveitarfélagamörkum Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar við Þóruskarð og í upphafspunkt.

Krömum ríkisins um þjóölendur innan téðra merkja er því mótmælt. Stangist hnittsettir punktar eða uppdrættir samkvæmt þeim á við þinglýst landamerkjabréf, ráða landamerkjabréf. Krömum ríkisins um þjóölendur innan téðra merkja er því mótmælt. Umbj. mínir telja vatnaskil auk skýrra lýsinga í landamerkjabréfi eiga að ráða afmörkun eignarlands þeirra Stangist hnittsettir punktar eða uppdrættir samkvæmt þeim á við þinglýst landamerkjabréf, ráða landamerkjabréf.

Krafan byggir á landamerkjabréfi Dvergasteins, dags. 18. ágúst 1890, sem afmarkar land jarðarinnar með eftifarandi hætti:

Jörðin Dvergasteinn á land utantil uppmeð Dvergasteinsá upp í ártungu, og þaðan liggja merkin neðan með vestari áin upp á Dalabrekur, og þaðan eptir vörðum, er standa í beinni línu upp á fjallsbrún, frá þessum merkjum út í miðjan merkishrygg á milli Dvergasteins og Hlíðar, er vísar frá fjallsbrún ofan í miðja Pöttvik.

Samkvæmt uppdrætti:

Vísað er til uppdráttar sem sem unnin er samhliða kröfulýsingu þessari. Umbj. mínir gera þann fyrirvara að enn á eftir að ljúka kortagerð fyrir landamerki jarðar þeirra í heild sinni. Verður þeirri kortagerð lokið hið fyrsta og upplýsingum komið áleiðis til óbyggðanefndar.

II. Málavextir:

Með bréfi óbyggðanefndar 27. nóvember 2019, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 10 B til meðferðar og íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa krömum um þjóölendur á svæðinu til 2. mars 2020. Var fresturinn fram lengdur nokkrum sinnum og síðast til 15. september 2020..

Svæðið afmarkast með eftifarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar 27. nóvember 2019:

Sýslumörkum Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandarsýslu er fylgt frá hafi við Geirólfssnúp milli Skjaldbjarnarvíkur og Reykjafjarðar til suðvesturs og síðan suðurs þar til komið er að norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu. Þaðan er mörkum milli Norður-Ísafjarðarsýslu og Austur-Barðastrandarsýslu fylgt til vesturs þar til komið er að mörkum Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandasýslu. Þaðan er síðast nefndum sýslumörkum fylgt til vesturs að hafi við Langanes við Arnarfjörð. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Þann 15. september 2020 lýsti íslenska ríkið krömum sínum um þjóölendur á ofangreindu svæði. Í kjölfarið skoraði óbyggðanefnd á þá er teldu til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga

nr. 58, 1998, á því landsvæði sem félli innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd.

Umbj. mínir telja til eignarréttinda á því landsvæði sem féll innan þjóðlendukröfu ríkisins, enda gerir íslenska ríkið kröfu um að hluti jarðarinnar teljist þjóðlenda í skilningi laga nr. 58/1998. Er jarðeigendum því nauðsynlegt að lýsa kröfu þessari fyrir óbyggðanefnd.

III. Málsástæður:

Umbj. mínir byggja á að umrætt land hafi verið numið í öndverðu og sé því fullkomíð eignarland. Byggir þeir á því að rekja megi það eignarhald óslitið allt frá landnámi og til vorra daga. Sé landið nú undirorpíð eignarétti sínum og verði ekki af honum tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskráinnar þar um.

Umbj. mínir byggja á því að sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið var til forna sé ekki minna en það land sem þeir telja til eignarréttinda yfir í dag. Þá sýni önnur gögn, ótvírætt fram á að umrætt land hafi alltaf verið háð einkaeignarétti og að sá eignarréttur hafi flust aðila á milli með hefðbundnum hætti. Í samræmi við það hafi aldrei verið litið svo á að umrætt land hafi verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

Umbj. mínir byggja á því að nýting landsins, lega þess og staðhættir almennt, styðji stöðu þess sem eignarlands. Er því sjálfgefið að umbj. mínir mótmæli öllum kröfum ríkisins um þjóðlendur innan landamerka þess lands sem þeir telja til beinna eignaréttinda yfir og krefjast þess að kröfum ríkisins verði hafnað og einkaeignaréttur þeirra að landinu viðurkenndur. Sérstaklega er mótmælt staðsetningu einstakra örnefna í kröfulýsingu íslenska ríkisins. Málsástæður jarðeigenda verða útlistaðar í ítarlegri greinargerð sem lögð verður fyrir óbyggðanefnd undir rekstri málssins. Þar verður meðal annars rakið að íslenska ríkið hefur áður staðfest að umþrætt land sé háð einkaeignarétti.

IV. Heimildir og gögn:

Kröfur sínar byggja umbj. mínir á þinglýstum og landamerkjabréfum fyrir umrædd landsvæði. Þá byggja þeir kröfur sínar á Landnámu, lögfestum, málðögum, landamerkjalýsingum, afsalsgerningum, lögum, dónum, heimildarskjölum og bæði fornum og nýjum vitnisburði, sem og öðrum gögnum s.s. fræðiritum. Umbj. mínir munu eins og áður segir gera nánari grein fyrir þeim heimildum og gögnum sem þeir byggja kröfur sínar á í greinargerð til óbyggðanefndar.


V. Lagarök:

Til stuðnings kröfum sínum vísa umbj. mínir til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33, 1944, einkum 72. gr. og til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62, 1994. Þá vísa jarðeigendur til almennra meginreglna íslensks eignaréttar og til laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11, 1973. Jarðeigendur vísa enn fremur til ákvæða laga um hefð nr. 46, 1905 og til vatnalaga nr. 15, 1923. Þá vísa jarðeigendur til ákvæða laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu nr. 58, 1998 og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57, 1998. Jarðeigendur vísa og til landamerkjalaga nr. 41, 1919 og eldri laga um sama efni nr. 5, 1882, sem og til girðingarlaga nr. 135, 2001 og til eldri

laga um sama efni nr. 10, 1965. Umbj. mírir vísa loks til laga um meðferð einkamála nr. 91, 1991.

VI. Áskilnaður:

Umbj. mírir áskilja sér allan rétt til þess að rökstyðja kröfu þessa frekar og styðja hana frekari gögnum, heimildum, málsástæðum og lagarökum, bæði á síðari stigum sem og í greinargerð jarðeigenda til óbyggðanefndar. Þá áskilja jarðeigendur sér allan rétt til þess að auka við kröfur sínar, breyta þeim og lagfæra, allt eftir því sem tilefni kann að gefast til. Loks áskilja jarðeigendur sér allan rétt til þess að gera kröfu um allan þann kostnað sem þeir hafa og kunna að verða fyrir, við að gæta réttar síns gagnvart kröfum íslenska ríkisins.


Guðjón Ármansson hrl.



Óbyggðanefnd,
Skuggasundi,
101 REYKJAVÍK.

KRÖFULÝSING

FYRIR ÓBYGGÐANEFND

SVÆÐIÐB

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar frá 9. október 2020 og 10. gr. laga um þjóölendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóölendna og afréttu nr. 58, 1998, er hér með lýst neðangreindri kröfum.

Kröfuna gerir: Guðmundur M. Halldórsson, kt. 120659-2869

Vegna: Jarðarinnar, Svarthamar, innan staðarmarka Súðavíkurhrepps.

Fyrirsvar: Guðjón Ármannsson hrl. Borgartúni 26, Reykjavík, fer með hagsmunagæslu fyrir hönd jarðeiganda.

I. Kröfugerð:

Jarðeigandi telur til beins eignarréttar yfir öllu því landi innan kröfusvæðis íslenska ríkisins innan kröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnt er Dvergasteinsfjall og Svarthamar og er af hálfu ríkisins afmarkað með eftirfarandi hætti:

Upphafspunktur er í fjallsbrún fyrir botni Sauradals sem ræður merkjum Saura og Eyrardals (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum að Kofra sem er í beinni línu við Þórðarsteina sem ræður merkjum Eyrar og Hlíðar (2) . Þaðan í fjallsbrún sem visar að ofan í miðja Pöttvik og ræður merkjum Hlíðar og Dvergasteins (3). Þaðan eftir fjallsbrún þangað sem Dvergasteinsá rennur frá fjalli og ræður merkjum Dvergasteins og Svarthamars (4). Þaðan eftir fjallsbrún Svarthamars í fjallsbrún efst í Merkigili sem ræður merkjum Svarthamars og Svarfhóls (5). Þaðan eftir fjallsbrún að sveitarfélagamörkum Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar við Þóruskarð og í upphafspunkt.

Kröfum ríkisins um þjóölendur innan téðra merkja er því mótmælt. Stangist hnittsettir punktar eða upprættir samkvæmt þeim á við þinglýst landamerkjabréf, ráða landamerkjabréf. Hafi landamerkjabréf glatast er óhjákvæmlegt að leggja til grundvallar samræmisskýringu og líta til

gildra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Umbj. minn telur vatnaskil og staðhætti jafnframt að ráða afmörkun eignarlands hans.

Landamerki fyrir Svarthamar finnst ekki í landamerkjabók fyrir Ísafjarðarsýslu. Jarðeigandi telur einboðið að miðað verði við landamerkalýsingar fyrir aðliggjandi jarðir þ.e. Svarfhól og Dvergastein.

Landamerki Svarthamars og Svarfhóls eru lína dregin eftir Merkjalæk og Merkigili upp á Svarthamarsfjall og eftir því eins og vötnum hallar upp í hæsta punkt á fjallgarðinum sem myndar mörk milli Súðavíkurhrepps og Eyrarhrepps (nú hluti af Ísafjarðarbæ), þaðan eftir háfjallgarðinum eins og vötnum hallar í norðaustur í punkt þar sem mætast merki Svarthamars og Dvergasteins. Milli Svarthamars og Dvergasteins ræður Dvergasteinsá merkjum upp í ártungur og þaðan með vestari ánni upp í Dalbrekkur og þaðan eftir vörðum er standa í beinni línu upp á fjallsbrún í áður nefndan punkt á háfjallgarðinum.

Samkvæmt uppdrætti:

Vísað er til uppdráttar sem sem unnin er samhliða kröfulýsingu þessari. Umbj. minn gerir þann fyrirvara að enn á eftir að ljúka kortagerð fyrir landamerki jarðar hans í heild sinni. Verður þeirri kortagerð lokið hið fyrsta og upplýsingum komið áleiðis til óbyggðanefndar.

II. Málavextir:

Með bréfi óbyggðanefndar 27. nóvember 2019, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 10 B til meðferðar og íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 2. mars 2020. Var fresturinn fram lengdur nokkrum sinnum og síðast til 15. september 2020..

Svæðið afmarkast með eftifarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar 27. nóvember 2019:

Sýslumörkum Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu er fylgt frá hafi við Geirólfssnúp milli Skjaldbjarnarvíkur og Reykjafjarðar til suðvesturs og síðan suðurs þar til komið er að norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu. Þaðan er mörkum milli Norður-Ísafjarðarsýslu og Austur-Barðastrandasýslu fylgt til vesturs þar til komið er að mörkum Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandasýslu. Þaðan er síðastnefndum sýslumörkum fylgt til vesturs að hafi við Langanes við Arnarfjörð. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Þann 15. september 2020 lýsti íslenska ríkið kröfum sínum um þjóðlendur á ofangreindu svæði. Í kjölfarið skoraði óbyggðanefnd á þá er teldu til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58, 1998, á því landsvæði sem féll innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd.

Umbj. minn telur til eignarréttinda á því landsvæði sem féll innan þjóðlendukröfu ríkisins, enda gerir íslenska ríkið kröfu um að hluti jarðarinnar teljist þjóðlenda í skilningi laga nr. 58/1998. Er jarðeiganda því nauðsynlegt að lýsa kröfu þessari fyrir óbyggðanefnd.

III. Málsástæður:

Umbj. minn byggir á að umrætt land hafi verið numið í öndverðu og sé því fullkomið eignarland. Byggir hann á því að rekja megi það eignarhald óslitið allt frá landnámi og til vorra daga. Sé landið nú undirorpíð eignarétti sínum og verði ekki af honum tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskráinnar þar um.

Umbj. minn byggir á því að sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið var til forna sé ekki minna en það land sem hann telur til eignarréttinda yfir í dag. Þá sýni önnur gögn, ótvírætt fram á að umrætt land hafi alltaf verið háð einkaeignarrétti og að sá eignarréttur hafi flust aðila á milli með hefðbundnum hætti. Í samræmi við það hafi aldrei verið litið svo á að umrætt land hafi verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

Umbj. minn byggir á því að nýting landsins, lega þess og staðhættir almennt, styðji stöðu þess sem eignarlands. Er því sjálfgefið að umbj. minn mótmæli öllum kröfum ríkisins um þjóðlendur innan landamerka þess lands sem hann telur til beinna eignarréttinda yfir og krefjast þess að kröfum ríkisins verði hafnað og einkaeignarréttur hans að landinu viðurkenndur. Sérstaklega er mótmælt staðsetningu einstakra örnefna í kröfulýsingu íslenska ríkisins. Málsástæður jarðeiganda verða útlistaðar í ítarlegri greinargerð sem lögð verður fyrir óbyggðanefnd undir rekstri málsins. Þar verður meðal annars rakið að íslenska ríkið hefur áður staðfest að umþrætt land sé háð einkaeignarrétti.

IV. Heimildir og gögn:

Kröfur sínar byggir umbj. minn á þinglýstum gögnum fyrir umrædd landsvæði. Þá byggir hann kröfur sínar á Landnámu, lögfestum, máldögum, landamerkjálýsingum, afsalsgerningum, lögum, dónum, heimildarskjölum og bæði fornum og nýjum vitnisburði, sem og öðrum gögnum s.s. fræðiritum. Umbj. minn mun eins og áður segir gera nánari grein fyrir þeim heimildum og gögnum sem hann byggir kröfur sínar á í greinargerð til óbyggðanefndar.


V. Lagarök:

Til stuðnings kröfum sínum vísar umbjóðandi minn til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33, 1944, einkum 72. gr. og til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62, 1994. Þá vísar jarðeigendur til almennra meginreglna íslensks eignaréttar og til laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11, 1973. Jarðeigandi vísar enn fremur til ákvæða laga um hefð nr. 46, 1905 og til vatnalaga nr. 15, 1923. Þá vísar jarðeigandi til ákvæða laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu nr. 58, 1998 og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57, 1998. Jarðeigandi vísar og til landamerkjálaga nr. 41, 1919 og eldri laga um sama efni nr. 5, 1882, sem og til girðingarlaga nr. 135, 2001 og til eldri laga um sama efni nr. 10, 1965.

VI. Áskilnaður:

Umbj. minn áskilur sér allan rétt til þess að rökstyðja kröfu þessa frekar og styðja hana frekari gögnum, heimildum, málsástæðum og lagarökum, bæði á síðari stigum sem og í greinargerð jarðeiganda til óbyggðanefndar. Þá áskilur jarðeigandi sér allan rétt til þess að auka við kröfur sínar, breyta þeim og lagfæra, allt eftir því sem tilefni kann að gefast til. Loks áskilir jarðeigandi sér allan rétt til þess að gera kröfu um allan þann kostnað sem hann kann að hafa og kunna að verða fyrir, við að gæta réttar síns gagnvart kröfum íslenska ríkisins.

Virðingarfyllst



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Guðjón Ármannsson".

Guðjón Ármannsson hrl.

Óbyggðanefnd,
Skuggasundi 3,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 22. mars 2021.

KRÖFULÝSING

FYRIR ÓBYGGÐANEFND

SVÆÐI 10 B

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar frá 9. október 2020 og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu nr. 58, 1998, er hér með lýst neðangreindri kröfum.

Kröfuna gerir: Bragi Líndal Ólafsson, kt. 110245-4919

Vegna: Jarðarinnar, Svarfhóls, L141427 innan staðarmarka Suðavíkurhrepps.

Fyrirsvar: Guðjón Ármannsson hrl. Borgartúni 26, Reykjavík, fer með hagsmunagæslu fyrir hönd jarðeiganda.

I. Kröfugerð:

Jarðeigandi Svarfshóls telur til beins eignarréttar yfir landi innan kröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnt er Lambadalsfjall í Súðavíkurhreppi og er af hálfu ríkisins afmarkað með eftifarandi hætti:

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps í Þverfelli við Hestskarð sem liggja að landamerkjum Svarfhóls í Álftafirði. Þaðan eftir fjallsbrúnum eins og vötnum hallar að Svarfhóli að upptökum Fjarðarár í Álftafirði, sem ræður merkjum Svarfhóls og Minni Hattardals. Þaðan eftir fjallsbrúnum í upptök Langár, sem ræður merkjum Minni og Meiri Hattardals. Þaðan ráða fjallsbrúnir að upptökum Hestfjarðarár sem ræður merkjum Hestfjarðarkots og kröfusvæðis sem kallað er almenningar Ögurhrepps. Þaðan sjónhending til austurs í fjallgarð sem skilur að Hestfjörð og Skötufjörð (5). Þaðan ráða hæstu fjallsbrúnir eins og vötnum hallar að sveitarfélagamörkum Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar. Þaðan eftir sveitarfélagamörkum í upphafspunkt.

Kröfum ríkisins um þjóðlendur innan téðra merkja er því mótmælt. Umbj. minn telur vatnaskil auk skýrra lýsinga í landamerkjabréfi eiga að ráða afmörkun eignarlands. Stangist hnittsettir punktar eða uppdrættir samkvæmt þeim á við þinglýst landamerkjabréf, ráða landamerkjabréf.

Krafan byggir á landamerkjabréfi Svarfhóls, dags. 18. júlí 1890 sem afmarkar land jarðarinnar með eftifarandi hætti:

Land frá fjöru til fjalls frá Merkigili milli Svarthamars og Svarfhóls innan að Seljalandsá er rennur ofan með Seljalandstúni að utanverðu. Einnig land allt vestanmegin fjarðarár frá Vatnagiljum þ.e. Valagiljum, og sem vötnum hallar frá jökli. Óskipt upprekstrarland á móts við Minni Hattardal austanmegin Fjarðarár eður Klifhlíð alla frá Fellshálsskarði út í Fjarðarhorn. Slægjubletti þá, sem eru á sameignarlandi þessu notar Hattardalur annað árið en Svarfhóll hitt. Reka, landshlut og fjörunytjar á landi þessu eiga jarðirnar til helminga.

Vísað er til uppdráttar sem sem unnin er samhliða kröfulýsingu þessari. Umbj. minn gerir þann fyrirvara að enn á eftir að ljúka endanlega kortagerð fyrir landamerki jarðar hans. Verður þeiri kortagerð lokið hið fyrsta og upplýsingum komið áleiðis til óbyggðanefndar.

II. Málavextir:

Með bréfi óbyggðanefndar 27. nóvember 2019, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 10 B til meðferðar og íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 2. mars 2020. Var fresturinn fram lengdur nokkrum sinnum og síðast til 15. september 2020.

Svæðið afmarkast með eftifarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar 27. nóvember 2019:

Sýslumörkum Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu er fylgt frá hafi við Geirólfssnúp milli Skjaldbjarnarvíkur og Reykjafjarðar til suðvesturs og síðan suðurs þar til komið er að norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu. Þaðan er mörkum milli Norður-Ísafjarðarsýslu og Austur-Barðastrandasýslu fylgt til vesturs þar til komið er að mörkum Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandasýslu. Þaðan er síðast nefndum sýslumörkum fylgt til vesturs að hafi við Langanes við Arnarfjörð. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Þann 15. september 2020 lýsti íslenska ríkið kröfum sínum um þjóðlendur á ofangreindu svæði. Í kjölfarið skoraði óbyggðanefnd á þá er teldu til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58, 1998, á því landsvæði sem félli innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd.

Umbj. minn telur til eignarréttinda á því landsvæði sem féll innan þjóðlendukröfu ríkisins, enda gerir íslenska ríkið kröfu um að hluti jarðarinnar teljist þjóðlenda í skilningi laga nr. 58/1998. Er jarðeiganda því nauðsynlegt að lýsa kröfu þessari fyrir óbyggðanefnd.

III. Málsástæður:

Umbj. minn byggir á því að umrætt land hafi verið numið í öndverðu og sé því fullkomíð eignarland. Byggt er á því að rekja megi eignarhaldið óslitið allt frá landnámi og til vorra daga.

Sé landið nú undirorpíð eignarétti sínum og verði ekki af honum tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskrárinna þar um.

Umbj. mínn byggir á því að sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið var til forna sé ekki minna en það land sem þeir telja til eignarréttinda yfir í dag. Þá sýni önnur gögn, ótvírætt fram á að umrætt land hafi alltaf verið háð einkaeignarrétti og að sá eignarréttur hafi flust aðila á milli með hefðbundnum hætti. Í samræmi við það hafi aldrei verið svo á að umrætt land hafi verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

Umbj. minn byggja á því að nýting landsins, lega þess og staðhættir almennt, styðji stöðu þess sem eignarlands. Er því sjálfgefið að umbj. minn mótmælir öllum kröfum ríkisins um þjóðlendur innan landamerkja þess lands sem hann telur til beinna eignarréttinda yfir og krefst þess að kröfum ríkisins verði hafnað og einkaeignarréttur þeirra að landinu viðurkenndur.

Sérstaklega er mótmælt staðsetningu einstakra örnefna í kröfulýsingu íslenska ríkisins. Málsástæður jarðeiganda verða útlistaðar í ítarlegri greinargerð sem lögð verður fyrir óbyggðanefnd undir rekstri málsins.

IV. Heimildir og gögn:


Kröfur sínar byggja umbj. minn á þinglýstum og landamerkjabréfum fyrir umrædd landsvæði. Þá byggir hann kröfur sínar á Landnámu, lögfestum, málögum, landamerkjalýsingum, afsalsgerningum, lögum, dónum, heimildarskjölum og bæði fornum og nýjum vitnisburði, sem og öðrum gögnum s.s. fræðiritum. Umbj. minn mun eins og áður segir gera nánari grein fyrir þeim heimildum og gögnum sem hann byggir kröfur sínar á í greinargerð til óbyggðanefndar.

V. Lagarök:

Til stuðnings kröfum sínum vísar umbj. minn til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33, 1944, einkum 72. gr. og til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62, 1994. Þá vísar jarðeigandi til almennra meginreglna íslensks eignaréttar og til laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11, 1973. Jarðeigandi vísar enn fremur til ákvæða laga um hefð nr. 46, 1905 og til vatnalaga nr. 15, 1923. Þá vísar jarðeigandi til ákvæða laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttar nr. 58, 1998 og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57, 1998. Jarðeigandi vísar og til landamerkjalaga nr. 41, 1919 og eldri laga um sama efni nr. 5, 1882, sem og til girðingarlaga nr. 135, 2001 og til eldri laga um sama efni nr. 10, 1965.

VI. Áskilnaður:

Umbj. minn áskilur sér allan rétt til þess að rökstyðja kröfu þessa frekar og styðja hana frekari gögnum, heimildum, málsástæðum og lagarökum, bæði á síðari stigum sem og í greinargerð jarðeiganda til óbyggðanefndar. Þá áskilur jarðeigandi sér allan rétt til þess að auka við kröfur sínar, breyta þeim og lagfæra, allt eftir því sem tilefni kann að gefast til. Lok áskilur jarðeigandi sér allan rétt til þess að gera kröfu um allan þann kostnað sem hann hefur og kann að verða fyrir, við að gæta réttar síns gagnvart kröfum íslenska ríkisins.

Virðingarfyllst

Guðjón Ármannsson hrl.

Óbyggðanefnd,
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2021

K R Ö F U L Ý S I N G
Orkubús Vestfjarða í mali um þjóðlendumörk í
Ísafjarðarsýslu, svæði 10B.

Orkubú Vestfjarða sendi Óbyggðanefnd sameiginlega kröfugerð fyrir svæði 10B og svæði 10C hinn 4. janúar 2021.

Óbyggðanefnd sendi undirrituðum bréf dags. 12. janúar 2021 og benti á að málsmeðferð nefndarinnar á svæði 10C væri lokið og óskaði eftir því að kröfugerð varðandi það svæði og svæði 10B verði aðskilin.

Með vísan til framangreinds og tilkynningar óbyggðanefndar frá 9. október 2020 og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendana og afréttu nr. 58/1998 er hér með lýst neðangreindri kröfu.

Krafan varðar eignarrétt Orkubús Vestfjarða til virkjunar alls vatnsafls, jarðrita, fallvatns, í tilteknum þjóðlendum í Ísafjarðarsýslu, svæði 10B, auk beinna og óbeinna eignarréttinda félagsins á landréttindum undir línustæði vegna virkjana og veitukerfis félagsins í þjóðlendum á sama svæði.

Kröfulýsing þessi er til viðbótar kröfulýsingu Orkubús Vestfjarða á svæði 10B sem send var óbyggðanefnd með bréfi dags. 1. mars 2021 vegna jarðanna Hjallkárseyrar, Rauðastaða og Borgar.

MÁLSAÐILI

Orkubú Vestfjarða ohf., kt. 660877-0299, Stakknesi 1, Ísafirði, á aðild að mali þessu, sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 58/1998.

Stjórnarformaður Orkubús Vestfjarða er Illugi Gunnarsson og orkubússtjóri er Elías Jónatansson.

FYRIRSVAR

Lögmaður Orkubús Vestfjarða í þessu mali er Jónas A. Aðalsteinsson, hrl. jaa@lex.is, LEX lögmannsstofu, Borgartúni 26, Reykjavík, sbr. hjálagt umboð dags. 17. febrúar 2021.

NÁNAR UM ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf.

Orkubú Vestfjarða var sett á fót með lögum nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða. Samkvæmt 2. gr. laganna skyldi tilgangur félagsins vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þætti. Skyldi félagið eiga og reka vatnsorkuver og dieselraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Jafnframt skyldi það eiga og reka jarðvarmavirki og reka fjarvarmakynndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Samkvæmt 3. gr. laganna var félagið sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum og skyldi eignarhluti ríkissjóðs vera 40% en eignarhlutir sveitarfélaganna skyldu nema samtals 60% og skiptast innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra. Í 9. gr. laganna var jafnframt ákveðið að leggja skyldi fyrir aðalfund ár hvert skrá um skiptingu eignarhlutdeildar sveitarfélaganna og atkvæðisrétt samkvæmt manntali 1. desember árið áður.

Í 5. gr. laganna var kveðið á um stofnframlög eigenda félagsins og var ákveðið að Rafmagnsveitir ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitir sveitarfélaga á Vestfjörðum skyldu afhenda Orkubú Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. laganna voru eftirtaldar eignir í Ísafjarðarsýslum framseldar Orkubú Vestfjarða til eignar.

Nr. og dagsetning	Framseljandi	Eignir samkvæmt samningi
1. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Mjólkárvirkjun I og II
2. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Jörðin Borg í Auðkúluhreppi
3. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Jörðin Rauðstaðir í Auðkúluhreppi
4. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð á Þingeyri ásamt fasteignum
5. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð og tilheyrandi rafkerfi á Suðureyri
6. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð og rafkerfi í Bolungarvík
7. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð ásamt tilheyrandi í Súðavík
8. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð ásamt tilheyrandi á Flateyri
9. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Sælu- og fjallahús á Vestfjörðum: Rauðkoll Klofningsheiði Hrafnseyrarheiði Tröllatunguheiði
10. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	<u>Eftirtaldar aðveitustöðvar:</u> Króksfjarðarnesi Mikladal Norður-Botn Tálknafirði

		Bíldudal Hrafnseyri Þingeyri Ísafirði
11. 1982, 09.11	Iönaðarráðherra	<u>Aðveitustöð að Mjólká og Geiradal</u>
12. 1978, 01.12	Ísafjarðarbær	Rafveita Ísafjarðar, Nónhornsvirkjun og Fossavirkjun ásamt öllu tilheyrandi og borholum í Tungudal og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem kaupstaðurinn á eða kann að eiga í löndum sínum eða annars staðar og hann kann að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“.
13. 1978, 02.12	Bolungarvík	Borholur í landi Gils og Hanhóls í Syðridal og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem kaupstaðurinn á eða kann að eiga í löndum sínum eða annars staðar og hann kann að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“
14. 1980, 24.06	Reykjafjarðarhreppur og Ögurhreppur	Rafveita Reykjafjarðar- og Ögurhrepps og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem þeir eða rafveitan á eða kunna að eiga í löndum hreppanna, rafveitunnar eða annars staðar og kunna að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“.
15. 1980, 08.02	Snæfjallahreppur og Nauteyrahreppur	Mýrarársvirkjun og Blævarársvirkjun og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem þeir eða Rafveita Snæfjalla eiga eða kunna að eiga í löndum

16. 1993,30.04

Suðureyrarhreppur

hreppanna, rafveitunnar eða annars staðar og hrepparnir kunna að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“.

Hitaveita Suðureyrar
og

„öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita, fallvatns, sem Suðureyrarhreppur eða Hitaveita Suðureyrar á eða kann að eiga í löndum sveitarfélagsins, hitaveitunnar eða annars staðar og sveitarfélagið kann að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“

Félagið hóf formlega starfsemi sína 1. janúar 1978.

Með lögum nr. 40/2001 um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða var ríkisstjórninni heimilað að standa að stofnun hlutafélags um rekstur Orkubús Vestfjarða og leggja til hlutafélagsins hlut ríkisins í sameignarfélaginu Orkubúi Vestfjarða. Það gekk eftir og var félagið stofnað í júní 2001 með efnislega óbreyttum tilgangi.

Samkvæmt stofnsamningi félagsins 1. júní 2001 voru stofnendur þess, ríkissjóður, Ísafjarðarbær, Vesturbýggð, Bolungavíkurkaupstaður, Hólmavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur, Reykhólahreppur, Súðavíkurhreppur, Kaldrananeshreppur, Bæjarhreppur, Broddaneshreppur, Árneshreppur og Kirkjubólshreppur.

Síðla árs 2001 náðist samkomulag milli ríkisins og allra annarra hluthafa þess, allra sveitarfélaganna, um að ríkið keypti alla hluti þeirra í félaginu. Enda þótt félagið væri þá orðið 100% í eigu ríkisins var tilgangur rekstrar þess sá sami og áður og sveitarstjórnirnar tilnefna menn í stjórn þess áfram. Stjórnarformaður er þó tilnefndur af ráðherra.

Við gildistöku raforkulaga nr. 65/2003 var rekstur Orkubús Vestfjarða aðlagaður að regluverki þeirra laga. Þau lög hafa ekki nein áhrif á álitaefni þessa máls.

MÁLAVEXTIR

Í dag rekur fyrirtækið eftirtaldar virkjanir: Mjólkárvirkjun I, II og III, Þverárvirkjun, Nónvirkjun, Fossárvirkjun, Tungudalsvirkjun, Reiðhjallavirkjun, Mýrarárvirkjun og Blævardalsárvirkjun. Orkan er síðan flutt frá þessum virkjunum og dreift um alla Vestfirði um veitukerfi félagsins.

Félagið á allt orkuflutningskerfi félagsins og einnig beinan eignarrétt þeirra landréttinda sem það kerfi er byggt á, sbr. 21. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Þau landréttindi hefur félagið ýmist fengið sem stofnframlög eða fengið þau við kaup á þeim landréttindum af þeim jarðeigendum sem áttu þau áður. Félagið á auk þess beinan eignarrétt til þeirra landréttinda sem falla undir helgunarsvæði meðfram orkuflutningskerfinu samkvæmt lögum um það efni, reglugerð nr. 586/2004 og íslenskra staðla um það efni. Féligið á auk þess beinan eignarrétt til helgunarsvæða meðfram aðveitukerfi félagsins, allt samkvæmt nánari skilgreiningu hér á eftir.

Félagið á auk þess allan rétt til virkjunar vatnsafls, jarðrita, fallvatns, sem framangreind sveitarfélög og orkuvirkjanir þeirra áttu og framseldu til félagsins sem stofnframlag samkvæmt framangreindum gögnum.

Orkubú Vestfjarða á allar þær fasteignir og landréttindi sem lýst er í framangreindum afsöлum ríkisins og sveitarfélaganna til félagsins.

Meðfylgjandi eru til glöggvunar á umfangi framgreindrar starfsemi og virkra réttinda félagsins á Vestfjörðum öllum eru meðfylgjandi yfirlitskort og uppdrættir af staðsetningu virkjana og aðveitulagna að þeim á skjali nr. 17.

Staðsetning framangreindra réttinda Orkubús Vestfjarða í þjóðlendum samkvæmt kröfugerð ríkisins á svæði 10B – Ísafjarðarsýslum hefur verið dregin á kortagrunn óbyggðanefndar hjá Landform ehf. og koma þar fram. Nánari grein verður gerð fyrir þeim í eftirfarandi kröfugerð.

KRÖFUGERÐ

Kröfugerð Orkubús Vestfjarða ohf. er sett fram á grundvelli ákvæða 9. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 10. gr.

Ef skilja ber kröfugerð ríkisins um þjóðlendur á svæði 10B þannig að ríkið eigi þau landréttindi innan þeirra þjólendna sem eru eign Orkubús Vestfjarða ohf. er þeirri kröfugerð ríkisins andmælt.

Orkubú Vestfjarða gerir kröfu um beinan eignarrétt félagsins á eftirtöldum eignum innan þjóðlendna á hinum auglýstu landsvæðum 10B.

1. Eignarétt lands undir Súðavíkurlínu, Rauðkolli, sem er hnitamerkt á skjali 17, bls. 8, lands undir Ingjaldssandslínu 1, Klúkuheiði, sem er hnitamerkt á skjali 17, bls. 8 og lands undir Þingeyrarlínu á Hrafnseyrarheiði, sem einnig er hnitamerkt á skjali 17, bls. 8. Öll þessi línustæði koma fram á meðfylgjandi uppdráttum óbyggðanefndar, vinnukorti nr. 18.
2. Rétt til virkjunar alls vatnsafls, fallvatns, Mýrarárvirkjunar, Fossvirkjunar, Nónhornsvirkjunar, Reiðhjallavirkjunar, Tungudalsvirkjunar, Blævardalsvirkjunar, væntanlegrar Hafnardalsárvirkjunar, Mjólkárvirkjunar, Mjólká VI – vatnasviði Skötufjarðar og væntanlegrar Tröllárvirkjunar – vatnasviði Vattarfirði og Ísafirði, almenningum Hestfirði, Skötufirði og Ísafirði, vatnasviði milli Hafnardalsár og Þverár, innan þjóðlendna á svæði 10B, samkvæmt skjali 17 og uppdrætti óbyggðanefndar.
3. Eignarétt allra landréttinda undir aðveitukerfi Orkubús Vestfjarða frá vatnakerfi Orkubúsins samkvæmt 2. kröfulið hér að framan að Mýrarárvirkjun, Fossárvirkjun, Nónhornsvirkjun, Reiðhjallavirkjun, Tungudalsvirkjun, Blævardalsvirkjun, væntanlegri Hafnardalsárvirkjun, Mólkárvirkjun, Mjólkárvirkjun VI og væntanlegri Tröllárvirkjun auk réttar til að veita vatni frá þeim virkjunum til sjávar.

MÁLSKOSTNAÐARKRAFA

Orkubú Vestfjarða krefst þes að Óbyggðanefnd úrskurði um nauðsynlegan kostnað til handa fyrirtækinu vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK

Samkvæmt framangreindum skjölum nr. 1 til 11 framseldi ríkið þargreindar eignir ríkisins og Rafmagnsveitna ríkisins til Orkubús Vestfjarða upphaflega sem stofnframlag til félagsins. Samkvæmt skjölum nr. 12 til 16 afhentu þargreind sveitarfélög á sama hátt þær eignir sem koma fram í þeim afsölum til Orkubús Vestfjarða, einnig sem stofnframlög sveitarfélaganna í félagini. Sumum þessara gagna er þinglýst en ekki öllum.

Kröfugerð Orkubús Vestfjarða um eignarrétt að umkröfðum landréttindum í þjóðlendum í máli þessu er óumdeildur eftir því sem best er vitað.

Orkubú Vestfjarða hefur auk þess keypt ýmis jarðarhlunnindi frá stofnun félagsins til dagsins í dag, jafnvel fengið hlunnindi gefins.

Áskilinn er réttur til að gera ítarlegri grein fyrir hinum umkröfðu réttindum ef þurfa þykir við framhald meðferðar málssins fyrir nefndinni.

Til stuðnings kröfum sínum vísar OV til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísar félagið til almrennra meginreglna íslensks eignaréttar. Enn fremur er vísað til ákvæða laga um hefð nr. 46/1905 og til vatnalaga nr. 15/1923 og til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendra og afréttu nr. 58/1998 og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

DÓMAR UM EIGNARRÉTT ORKUBÚS VESTFJARÐA OHF. AÐ HLUNNINDUM JARDÁ Á SVÆÐUNUM.

Réttur OV til virkjunar vatnsafls, jarðhita, fallvatns, sem framangreind sveitarfélög áttu og framseldu til félagsins sem stofnframlag samkvæmt framangreindum samningum hefur komið til úrlausnar fyrir dómi. Úr því álitaefni var skorið með dómi Landsréttar nr. 334/2019 í máli Ísafjarðarbæjar gegn Orkubú Vestfjarða hinn 21. febrúar 2020, þar sem segir orörétt í dómSORði: „Viðurkennt er að allur réttur til virkjunar vatnsafls, fallvatns, í Úlfsá í Dagverðardal, Ísafjarðarbæ, sé eign stefnda“.

Ákveðið álitaefni varðandi jarðitaréttindi Orkubúsins kom upp í framhaldi af framsali Suðureyrarrepps á Hitaveitu Suðureyrar til Orkubús Vestfjarða hinn 30 apríl 1993. Félagið GKP ehf. stefndi Orkubú Vestfjarða hinn 5. nóvember 2014 til að þola að eignar- og nýtingarrétttur jarðhita í Laugum á Súgandafirði tilheyroi þeiri jörð á grundvelli þess að Suðureyrarreppi hefði verið óheimilt að undanskilja jarðitaréttindin við sölu jarðarinnar á árinu 1944 þar eð samþykkis ráðherra hefði ekki legið fyrir samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 98/1940.

Orkubú Vestfjarða var sýknað í héraði af þeim kröfum hinn 29. júní 2015 og var sá dómur staðfestur með dómi Hæstaréttar hinn 2. júní 2016, HRD 643/2015.

Fordæmisgildi beggja þessara dóma er ótvíraett.

FRAMLÖGÐ SKJÖL

Framangreind skjöl nr. 1 til 18.

ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Orkubú Vestfjarða áskilur sér rétt til að leggja fram frekari kröfur og gögn á síðari stigum málsins. Þá áskilur félagið sér rétt til að gera nánari grein fyrir framlögðum kröfum og gögnum í greinargerð og á síðari stigum málsiins. Félagið áskilur sér einnig rétt til að breyta kröfugerð sinni undir rekstri málsins.

Orkubú Vestfjarða væntir þess að óbyggðanefnd afli sjálf ítarlegri heimilda og gagna um mál þetta eftir því sem nefndin telur þörf á.

F. h. Orkubús Vestfjarða



Jónas A. Aðalsteinsson, hrl.

Hjálagt.

Umboð, dags. 17. febrúar 2021.

Sköl nr. 1 til 18.

